

# **Lög fyrir Ungmennafélagið Aftureldingu,**

## **A- Barðastrandasýslu**

### **1. grein**

Félagið heitir Ungmennafélagið Afturelding, skammstafað UMF. Afturelding. Félagssvæðið skal vera öll Austur - Barðastrandasýsla. Lögheimili og varnarþing er á skrifstofu sveitarfélagsins.

### **2. grein**

Markmið félagsins, sem eru í anda friðar og manngildis eru:

- a) Að vernda og efla félags- og menningarlíf á félagssvæðinu
- b) Að auka áhuga félagsmanna og almennings á líkamsrækt og stuðla að alhliða íþróttaiökun
- c) Að vinna að markmiðum og stefnuskrá Ungmennafélags Íslands undir kjörorðinu: "Íslandi allt".

### **3. grein**

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, námskeiðum, íþróttæfingum, félagsstarfi og ýmiskonar framkvæmdum sem bestar þykja hverju sinni.

### **4. grein**

Félagsmaður getur hver sá orðið, sem óskar eftir skráningu við einhvern í félagsstjórn, með nafni, heimilisfangi, kennitölu og síma. Eftir að stjórn félagsins hefur samþykkt inngöngu hans í félagið telst hann löglegur félagi. Formaður skal geta nýrra félaga á næsta félagsfundi eftir inngöngu þeirra og skal það bókað í fundargerð. Unglingum 14 ára og yngri skal leyfð þátttaka í fundarstörfum og fundarseta án atkvæðisréttar. Hver sá er vill ganga úr féluginu óskar eftir því við stjórnarmann og geti hann þess á næsta félagsfundi. Það telst einnig til úrsagnar úr féluginu ef félagi greiðir ekki félagsgjaldið fyrir eindaga. Kynna skal hverjum nýjum félaga 12 ára og eldri lög félagsins.

### **5. grein**

Merki félagsins skal túlka nafn félagsins "Afturelding", sem þýðir sólaruppkoma eða ljós nýs dags.



## **6. grein**

Aðalfund skal halda í febrúar / mars ár hvert þó ekki seinna en ársþing UDN er haldið. Boða skal til aðalfundar með sjö daga fyrirvara í almennum fjölmíðum í Reykhólahreppi. Aðalfundur telst lögmætur ef rétt er til hans boðað. Allir lögmætir félagara 15 ára og eldri hafa kjörgengi til fundarins. Unglingar 14 ára og yngri hafa málfrelsi og tillögurétt. Aðeins þeir félagar sem eru skuldlausir við félagið hafa atkvæðisrétt.

## **7. grein**

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- 1.) Formaður setur fundinn
- 2.) Starfsmenn fundarins kosnir
  - a.) Fundarstjóri
  - b.) Fundarritari
- 3.) Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar
- 4.) Ávarp gesta
- 5.) Formaður flytur ársskýrslu félagsins
- 6.) Féhirðir leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar
- 7.) Umræður um skýrslu formanns og framkomna reikninga
- 8.) Lagabreytingar
- 9.) Tillögur lagðar fram til umræðu
- 10.) Stjórnarkjör (formann, ritara, gjaldkera)
- 11.) Annað kjör (2x endurskoðendur og þingfulltrúar)
- 12.) Ákveðið árgjald félaga
- 13.) Önnur mál
- 14.) Fundarslit

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála nema þegar breytingar á lögum félagsins eru, en þær verða að samþykkjast með  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða. Tillögur um lagabreytingar, sem óskast tekna fyrir á aðalfundi, skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 15. febrúar ár hvert. Framboð til stjórnarstarfa þurfa að koma fram áður en stjórnarkjör fara fram á aðalfundi. Kosningar skulu vera skriflegar, ef þurfa þykir, séu atkvæði jöfn skal láta hlutkesti ráða.

## **8. grein**

Aðalfundur ákveður árgjald félagsins. Ekki er gjald fyrir börn á leikskólaaldri. Börn á grunnskólaaldri greiða hálf gjald, 16 - 66 ára greiða fullt gjald. Heiðursfélagar og 67 ára og eldri greiða ekki árgjald.

Ef félagsmenn greiða ekki árgjald missa þeir atkvæðisrétt í féluginu og skulu þeir teknir út af félagaskrá. Senda skal árgjaldið út í byrjun árs, en ekki seinna en í apríl með eindaga 15. maí.

SRB  
KJL  


## **9. grein**

Félagsstjórn skipa 3 félagar, formaður, ritari og gjaldkeri. Einnig skal kjósa 2 í varastjórn sem taka sæti í félagsstjórn ef einhver þeirra fellur út. Stjórnina skal kjósa leynilega og einn félaga í einu. Leita skal eftir uppástungu og kjósa einungis um þá sem stungið er upp á. Komi aðeins fram ein uppástunga til stjórnarstarfa þá er sá sem tilgreindur er sjálfkjörinn. Einnig skal kjósa 2 endurskoðendur. Stjórn og endurskoðendur skal kjósa á hverju ári. Stjórnarmeðlimir skulu kosni til tveggja ára í senn. Formaður sér um fundarboðun og dagskrá. Hann er framkvæmdastjóri félagsins en lögheimili félagsins er á skrifstofu sveitarfélagsins. Ritari hefur á hendi bréfaskriftir fyrir félagið, bókfærir fundargerðir, skýrslur og reglugerðir. Féhirðir annast fjárgæslu félagsins. Hann sér um útborganir eftir tilvísun formanns, og heldur glögga reikninga yfir eignir þess, tekjur og gjöld. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Störf sín vinnur stjórnin endurgjaldslaust.

## **10. grein**

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

## **11. grein**

Stjórn félagsins skal boða til almenns félagsfundar í september ár hvert. Þar skal ræða félagsstarfið. Halda ber fund ef 1/10 hluti félagsmanna óskar eftir því skriflega.

## **12. grein**

Stjórn félagsins er skylt að halda spjaldskrá yfir félaga bæði iökendur og styrktarfélaga. *Iökendur teljast þeir sem sækja æfingar hjá félaginu og þeir sem eru í stjórn félagsins eða gegna öðrum trúnaðarstörfum.* *Styrktarfélagar teljast þeir sem ekki iðka íþróttir en vilja vera áfram félagar og styrkja félagið ár hvert með greiðslu félagsgjalds.*

## **13. grein**

UMF Afturelding er aðili að UDN, UMFÍ og ÍSÍ og er félögum skylt að virða lög þeirra.

## **14. grein**

Til þess að leggja félagið niður þarf  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Leysist félagið upp renna eignir þess til sveitarfélagsins í samræmi við lausamunaskrá félagsins.

## 15. grein

Heiðursfélaga má kjósa og skal þeim afhentur heiðursfélagafáni UMF. Aftureldingar með áletruðu nafni. Heiður þessi er sá æðsti sem félagið veitir. Val heiðursfélaga fer fram á aðalfundi og þarf samþykki  $\frac{4}{5}$  fundarmanna svo valið teljist lögmætt. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjöldum.

## 16. grein

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt á aðalfundi félagsins með  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða og samþykkt af framkvæmdastjórn ÍSÍ og stjórn UDN.

Staður Reykholar Dagsetning 4. mars 2025  
Formaður Sigríður Sigmundsson Ritari Katla Tryggvadóttir  
Gjaldkeri Sandra Rún Björnsd.